

FRAMBURÐUR OG FORDÓMAR



Að undanfögnu hafa blöð og útvarp fjallað nokkuð um íslenskan framburð. Sú umræða hefur einkum snúist um tvennt; annars vegar um samræmingu framburðar, hins vegar um óskýran framburð og erlendar áherslur. Á báðum þessum atriðum hafa komið fram skoðanir sem mig langar að gera nokkrar athugasemdir við.

1. Um samræmdan framburð

Í mörg ár hafa öðru hvoru birst í blöðum og tímaritum greinar eftir Ævar R. Kvaran, leikara, þar sem hann fjallar um íslenskan framburð. Hér styðst ég við grein í *Morgunblaðinu* 1. september 1981. Ævar fjallar einkum um nauðsyn þess að kenna „fagran“ framburð í skólum; en það „verður ekki gert af neinu viti nema með því að samræma framburð móðurmálsins, svo menn viti hvað þeir eiga að kenna“, segir Ævar. Hér er tvennt á ferðum; annars vegar spurningin um hvað sé fagurt og hvað ekki, og hins vegar hvort samræming sé nauðsynleg undirstaða framburðarkennslu.

Það er auðvitað ljóst að erfitt er að festa hendur á fegurðinni. „Svo sem öllum er kunnugt er enginn algildur mælikvarði til á fegurð framburðar. Sýnist - eða réttara sagt heyrist - þar sitt hverjum. Það sem ég segi því um fegurð framburðar, er aðeins persónuleg skoðun mín og hefur ekkert almennt gildi“, segir Björn Guðfinnsson (1981:25). Það er líka dálítið erfitt að færa rök fyrir því

að t.d. [khv] sé ljótt í upphafi orðsins *hver*, en fallett (eða a.m.k. hlutlaust) í upphafi orðsins *kver*. Ekki er mér heldur ljóst hvers vegna [e:] er ljótt í orðinu *sykur*, en ekki í orðinu *sekur*.

Það sem oftast virðist í raun og veru búa á bak við fegurðarmatið er uppruna- og varðveislusjónarmið; Ævar R. Kvaran (1981) talar um það sem sé „skýrast og fegurst og eftirsóknarverðast að varðveita í fagurri íslensku“. En upprunasjónarmiðið er erfitt viðfangs, því að hvorttveggja er, að um ýmis hljóðfræðileg atriði verður vitneskja ekki fengin úr rituðum textum, enda hefur framburður margra hljóða (eða réttara sagt fónema) málsins breyst mjög frá fornu fari. Þannig hefur sérhljóðakerfið allt riðlast, eins og kunnugt er (sjá Hreinn Benediktsson 1959), og framburður margra samhljóða hefur líka breyst.

Varðandi varðveislusjónarmiðið er það nú einu sinni svo, að flestir hafa tilhneigingu til að kunna því best sem þeir eru aldri upp við, og telja annað vont eða rangt. Skýrt dæmi um þetta má finna í þætti Gísla Jónssonar í *Morgunblaðinu* 12. mars 1983. Hann segir:

Enn hef ég verið spurður um skoðun mína á mállýskumun eftir landshlutum. Enn svara ég hinu sama og fyrr: Mér þykir þessi munur slíkur, að ég vil ekki amast við honum, heldur hvetja fólk til þess að varðveita hann, að svo miklu leyti sem hann er leifar af sameiginlegum framburði landsmanna á öldum áður.

Nú er mér reyndar ekki ljóst hvernig „munur“ getur verið leifar af „sameiginlegum framburði“, en það er aukaatriði. Meginatriðið er hvernig Gísli útfærir þetta. Hann hvetur til varðveislu vestfirskis og skaftfellsks einhljóðaframburðar (það er reyndar ekki öruggt að sá síðarnefndi sé „leifar af sameiginlegum framburði“, sjá grein Guðvarðar Más Gunnlaugssonar (1983) í þessu blaði), svo og skaftfellska (sem hann reyndar telur að skeri sig frá framburði annarra landsmanna á þann hátt að Skaftfellingar hafi *r* raddað, en aðrir óraddað). Hann mælir hins vegar gegn flá-mæli, linmæli og *rd*-framburði. Í sambandi við þann síðastnefnda er athyglisvert að hann skuli ekki nefna framburðinn *habbði/saggði*, sem Björn Guðfinnsson taldi að „engin eftirsjá“ væri að (1981:80). Skyldi ástæðan vera sú, að helsta vígi þessa framburðar er í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, en Gísli er Svarfdælingur að uppruna?

Gísli segist mæla „gegn breytingum á framburði, sem komið hafa upp á vissum landssvæðum, en aldrei verið svo talað um land allt“. En af hverju mælir hann þá ekki gegn *kv*-framburði, sem óumdeilanlega er yngri en *hv*-framburður, og hefur ekki sigrad algerlega (frekar en linmælið)? Skyldi það ekki vera vegna þess að Gísli er sjálfur af *kv*-svæðinu?

Þetta ætti að nægja til að sýna, að ekki er hlaupið að því að ákveða hvað sé „skýrast og fegurst og eftirsóknarverðast“. Og er þá komið að hinni spurningunni sem vaknar við lestur greina Ævars; hvort sé virkilega ekki hægt að kenna framsögn án samræmingar framburðar.

Ég held að framsagnarkennsla hljóti aðallega að felast í því að kenna nemendum að flytja mál sitt skýrt og áheyrulega, losa þá við lestraráherslur o.s.frv.; en ég fæ ekki betur séð en framburður geti verið alveg jafn skýr, hverja íslenska mállýsku sem menn nota. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir að æfa skuli „harðmæli eða skýrt linmæli

hljóðanna *p, t, k...*“ (1976:20); þar er því sem sé ekki hafnað að linmæli geti verið skýrt (þótt í orðunum liggi að vísu að harðmæli hljóti að vera skýrt, en linmæli geti verið hvort heldur skýrt eða óskýrt). Og þótt Ævari R. Kvaran (1981) finnst „nokkuð broslagt að heyra menn segja frá því að þeir hafi verið á kvalaveiðum“, þá veldur það tæpast misskilningi.

Það má líka benda á, að ef samræming framburðar er nauðsynleg forsenda framsagnarkennslu, þá er með því verið að segja að ekki sé unnt að kenna skýran framburð annarra mála en íslensku - eða hvað?

Mér virðist líka að í skrifum Ævars R. Kvaran komi fram skilningsleysi á þeim mun, sem hlýtur að vera á því að kenna mönnum móðurmál sitt og svo erlend mál, þegar hann segir (1981): „Hvernig er yfirleitt hægt að kenna tungumál sem ekki er samkomulag um hvernig eigi að bera fram?“ Við kennslu erlendra mála er auðvitað nauðsynlegt að leggja ákveðinn framburð til grundvallar. En ef menn dveljast í útlöndum, laga þeir yfirleitt framburð sinn eftir þeim framburði sem tíðkaður er þar sem þeir dveljast. Íslensk börn kunna aftur á móti íslenskan framburð í grundvallaratriðum, þegar þau koma í skóla. Það þarf því ekki að spyrja hvaða mállýsku eigi að kenna; það sem gildir er að hlúa að þeim framburði sem börnin hafa þegar lært, þjálfá hann í tali, lestri o.s.frv. Ef reynt er að kenna börnum einhvern framburð sem þeim er ekki eiginlegur, og ekki er notaður í umhverfi þeirra, er hætt á að annað tveggja gerist: Börnin noti hinn lærða framburð aðeins í skólanum, en sinn eðlilega framburð utan hans; eða þau blandi saman upprunalegum framburði sínum og því sem hefur verið reynt að kenna þeim, þannig að úr verði hrognamál sem ekki samræmist eðlilegum framburði nokkurs Íslendinga. Ég hef heyrt af dæmum um hið síðarnefnda; og hið fyrrnefnda gæti hugsanlega orðið þáttur í málfarslegri stéttaskiptingu í þá

sem ná valdi á hinu „fyrirskipaða“ máli og hina sem gera það ekki (og er þarna komin sama hættan og felst í einstrengingslegri baráttu gegn „þágufallssýki“, sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1983:6).

2. Erlendur málhreimur og óskýrmæli

Jón Óskar rithöfundur hefur á þessu ári skrifað nokkrar greinar um erlendan málhreim í útvarpi og sjónvarpi. Ekki ætla ég að deila við hann um það, að þarna sé eitt-hvað nýtt á ferðum; hins vegar er óvíst að uppruni þessa hreims þurfi að vera erlendir, eins og Kristján Árnason (1983) bendir á. Og þó svo væri, er óþarfi að gefa sér að hann sé alvondur; við vitum harla lítið um íslenskan málhreim fyrr á öldum, og Kristján Árnason (1983) segir að sá hreimur sem Jón Óskar vill miða við sé víst líka af erlendum toga. Þá erum við auðvitað komin aftur að því sem áður var rætt, að okkur þykir það fallett og gott sem við erum alin upp við.

Jón Aðalsteinn Jónsson tók fyrir áherslur og sérhljóðalengd í samsettum orðum í þættinum *Íslenskt mál* í útvarpinu í febrúar sl. Hann tók dæmi af orðum eins og *alskýjað*, og taldi að upphafshljóðið ætti skilyrðislaust að vera stutt [a], en ekki langt. M.ö.o. vill hann að íslenskar lengdarreglur gildi á sama hátt í samsettum orðum og ósamsettum. Um þetta vitnaði Jón Aðalsteinn til reglna Björns Guðfinnssonar í *Mállýzkum I* (1946).

Það er vissulega rétt að Björn hefur ýmsar reglur um lengd sérhljóða í samsettum orðum; þar á meðal reglu sem segir að sérhljóð fyrri liðarins sé að jafnaði stutt í orðum sömu gerðar og *alskýjað* (1946:71). En skírskotun til þeirrar reglu dugir þó tæpast til að dæma framburð með löngu [a:] rangan, eins og Jón Aðalsteinn gerði. Í fyrsta lagi

setur Björn reglur sínar upp sem *lýsingu* á því sem almennt sé sagt, en ekki sem fyrir-mæli um hvernig *eigi* að bera fram. Í öðru lagi slær hann þann varnagla að sérhljóðið styttist „að jafnaði“; og í þriðja lagi - sem skiptir mestu máli - bætir Björn við: „Í skýrum framburði, t.d. í lestri, er sérhljóðið auðvitað oft langt.“ Þessi klausa er þeim mun athyglisverðari sem Jón Aðalsteinn tók einmitt sérstaklega fram, að framburðurinn með löngu sérhljóði ætti ekkert skylt við skýran framburð, þótt margir virtust halda það.

En snúum okkur aftur að Jóni Óskari. Hann talar líka um lestur barna, sem séu „mörkuð af þeirri lestrarkennslu sem tíðkuð hefur verið í skólunum á undanförunum árum, þar sem börnin hafa verið látin lesa eftir skeiðklukku, þegar dæma skyldi um lestrarkunnáttu þeirra“ (1983). Ég veit nú ekki betur en skeiðklukkuaðferðin sé a.m.k. nokkurra áratuga gömul, og hafi nú löngu lifað sitt fegursta. En oft þykir nú við hæfi að bendla yngra fólk við það sem miður fer. Að Jóni Óskari læðist líka sá grunur „að sumir yngri málfræðingar okkar séu ekki alveg með á nótunum eða hafi dálítið undarlega frjálshyndsafstöðu gagnvart íslenskrif tungu...“ (1983). Hverjir eru þessir yngri (yngri en hverjir, meðal annarra orða) málfræðingar? Það skyldu þó ekki vera þeir sömu og Jón Aðalsteinn Jónsson fjallaði um í áðurnefndum þætti sínum um *Íslenskt mál*? A.m.k. voru þeim þar bornar svipaðar sakir á brýn.

Varðandi meint óskýrmæli yngra fólks er margs að gæta. Í nýrri grein Kristjáns Árnasonar og Höskuldar Þráinssonar (1983) um málfar Vestur-Skaftfellinga kemur fram að marktækur munur virðist vera á því hve ungt fólk er óskýrmæltara en það eldra. Er þá miðað við önghljóðun nefhljóða, brottfall önghljóða, nefhljóða og jafnvel heilla atkvæða; alls þessa gætti talsvert meira hjá yngra fólki en því eldra. Engin ástæða er til að draga þessar niðurstöður í efa; en hins


vegar verður að hafa í huga, að viðmiðunin er í eðli sínu íhaldssöm. Óskýrmæli er sem sé skilgreint sem frávik frá einhverju normi, frá „fyrirmyndarframburði“, þar sem öll (eða flest) hljóð eru borin fram skýrt og greinilega. Ég er ekki að gagnrýna þessa viðmiðun (enda vandséð hvað ætti að koma í staðinn); en ég bendi á, að vel getur verið að „óskýri“ framburðurinn sé alveg jafn skýr og „fyrirmyndarframburðurinn“ fyrir þá sem er hann (þ.e. sá „óskýri“) eiginlegur. Það hefur gerst áður í málsögunni að hljóð og jafnvel heil atkvæði hafi fallið brott úr orðum, og nægir þar að minna á synkópuna, sem varð á frumnorrænum tíma (u.þ.b. 600-800), þegar öll stutt, áherslulaus, ónefkveðin sérhljóð féllu brott; og er þess ekki getið að málið yrði neitt óskýrara fyrir vikið. En þætti það ekki þokkalegt óskýrmæli í dag að hætta að segja *hara-banaR* og taka upp orðskrípið *hrafn* þess í stað, eins og forfeður og -mæður okkar gerðu?

Það er síður sumra málvöndunarmanna að kenna ungu fólki og erlendum áhrifum um allt sem aflaga fer í málinu að þeirra mati; og gjarna er þetta tvennt tengt saman á þann hátt, að það er unga fólkið sem verð-


ur fyrir erlendum áhrifum og útbreiðir ósómam (sbr. áður nefnda grein Jóns Óskars). En að lokum ætla ég, til að tengja fyrri og seinni hluta þessarar greinar, að minna á að unga fólkið á ekki alla sök. Jón Óskar (1983) bendir á, að

Sumir leikarar hafa annarlegan hreim í framsögn sinni, þótt þeir geti vel verið góðir leikarar fyrir það, en þessi annarlegi hreimur mun hingað kominn með leikurum sem lært hafa erlendis. Fölk áttar sig ekki á því, þegar það smitast af erlendra framsögn.

Þetta er hárrétt; og því til sannindamerkis fylgja hér myndir af tveimur hljóðrófsritum. Þar má sjá greiningu tveggja orða í framburði breskmenntaðs leikara af eldri kynslóðinni, sem er þekktur framsagnarkennari, og hefur auk þess gerst sérstakur talsmaður samræmingar íslensks framburðar. Orðin eru *biður* og *svona*; en það sem er merkilegt við framburðinn er að í fyrra orðinu er *b*-ið raddað [b], en í því seinna er raddað *s* [z]. Hvorttveggja eru „framandi“ hljóð í íslensku; *b* og *s* eru venjulega talin órödduð í málinu. Örugglega áttar þessi maður sig ekki á því að hann hefur „smitast“, eins og Jón Óskar orðar það; og sannast enn að „Það sem helst hann varast vann,



b I: ʃ y r



z v o: n a

varð þó að koma yfir hann“. Þetta dæmi ætti að minna á það, sem aldrei verður lögð of mikil áhersla á, hve margar gryfjur verða á vegi þeirra sem ástunda „málboðun“ - og hve grátlega oft þeir falla í þær.

Það skal tekið fram að þessi grein er skrifuð áður en framburðardeilan mikla hófst s.hl. árs 1983.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá grunnskóla. Móðurmál. Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild, ágúst 1976.

Björn Guðfinnsson. 1946. *Mállýzkur I. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.*

-----, 1981. *Breytingar á framburði og stafsetningu.* [2. útg.] Iðunn, Reykjavík.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1983. Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku. *Skíma* 6,2:3-6.

Gísli Jónsson. 1983. Íslenskt mál. 185. þáttur. *Morgunblaðið* 12. mars 1983, bls. 9.

Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1983. Skaftfellskur einhljóðaframburður. Aldur og uppruni. *Mimir* 31 (þetta hefti).

Hreinn Benediktsson. 1959. The Vowel System of Icelandic: A Survey of Its History. *Word* 15:282-312.

Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson. 1983. Um framburð Vestur-Skaftfellinga. *Íslenskt mál* 5:81-103.

Jón Aðalsteinn Jónsson. 1983. *Íslenskt mál. Útvarpsþáttur fluttur í febrúar.*

Jón Óskar. 1983. Hvaðan fær draugurinn kraft sinn? Meira um erlendan málhreim í útvarpi og sjónvarpi. *Lesbók Morgunblaðsins* 58,12:6.

Kristján Árnason. 1983. Um tónfall. *Skíma* 6,2:22.

Ævar R. Kvaran. 1981. Hinn vanrækti þáttur íslenskukennslu: mælt mál. *Morgunblaðið* 1. september 1981, bls. 32.